



**SÍMENNTUNAR- OG FRÆÐSLUMÁL Á
AKUREYRI**

**Skýrsla unnin fyrir
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**

Hjördís Sigursteinsdóttir

Maí 2002

Efnisyfirlit


1. Inngangur	2
2. Framkvæmd og heimtur	2
3. Niðurstöður	4
3.1. Þekkir þú til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar?	4
3.1.1. Manstu í hvaða sambandi það var?	5
3.2. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?	6
3.2.1. Hversu oft hefur þú sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið?.....	8
3.2.2. Hjá hverjum sóttirðu námskeið?	9
3.2.3. Fyrir hvers/hverra tilstilli sóttirðu námskeiðið?.....	10
3.2.4. Hver greiddi námskeiðið?	11
3.2.5. Hvers vegna hefur þú ekki sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?.....	13
4. Viðauki	15

1. Inngangur

Í aprílmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal bæjarbúa á Akureyri. Var þar meðal annars spurt um símenntunar- og fræðslumál Akureyringa. Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum þessa.


2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 2. – 14. apríl sl. Hringt var í 678 einstaklinga búsetta á Akureyri. Þeir voru valdir með slembiúrtaksaðferð úr þjóðskrá. Alls náðist samband við 670 einstaklinga sem er tæplega 99% úrtaksins og féllust 441 (65,0% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 229 einstaklingar (33,8%) neituðu að taka þátt og ekki náðist til 8 einstaklinga (1,2%). Af 800 manna upphaflegu úrtaki náðist því aldrei til 122 einstaklinga af skýranlegum ástæðum. Mynd 1 sýnir svörunina:



Mynd 1. Svarhlutfall.

Á mynd 2 má sjá aldurs- og kynjadreifingu þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Í hópnum eldri en 56 ára, í hópnum 36-45 ára og í þeim yngsta virðast konur í minni mæli hafa tekið þátt í könnuninni.




Mynd 2. Aldur og kyn þátttakenda í könnuninni.

3. Niðurstöður


Grunnbreyturnar í könnuninni eru: kyn, aldur og menntun. Hér fyrir aftan má líta niðurstöðurnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun.

3.1. Þekkir þú til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar?

Byrjað var á því að spyrja hvort að viðkomandi þekkir til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Hlutfallslega flestir svara því til að þeir þekki alls ekki til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar eða rúm 56%. Aðeins tæplega 6% svarar því að þeir þekki til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar vel, tæplega 24% aðeins og 15% varla nokkuð. Aðeins fleiri konur svara því til að þær þekki til starfsemi Símeysjar en karlar. Greinileg fylgni er milli aldurs og menntunar og þekkingar á starfsemi Símeysjar. Fleira fólk á aldrinum 26-55 ára virðist þekkja starfsemina í meira mæli en fólk á öðrum aldri. Varandi menntun er skemmst frá því að segja að tæp 55% fólks með háskólapróf þekkir eitthvað til starfsemi Símeysjar en 18-30% hjá fólki með aðra menntun.




Mynd 3. Þekkir þú til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar?



Mynd 4. Þekkir þú til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.1.1. Manstu í hvaða sambandi það var?


Þeir sem þekkja eitthvað til Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar voru beðnir um að segja frá í hvaða sambandi það var. Það voru 23 aðilar tengdu Símei við námskeið og námskeiðshald og 16 aðilar mundu eða vissu ekki í hvaða sambandi þeir höfðu heyrt Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Aðrir sem svara spurningunni nefna hvar þeir heyrðu minnst á Símei og flestir svara því til að þeir hafi séð auglýsingar eða kynningar frá Símei eða 28 aðilar. Sjá nánar mynd 5 og viðauka.



Mynd 5. Manstu í hvaða sambandi það var?

3.2. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?

Spurt var hvort viðkomandi hefði sótt sér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári. Aðeins 22% þeirra sem svara þessari spurningu hafa sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári eða 98 einstaklingar.




Mynd 6. Hefur þú sótt þér einhverja fræðslu á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðast liðnu ári?.


Þessir 98 einstaklingar sem sóttu voru greindir eftir kyni, aldri og menntun. Samkvæmt þeirri greiningu má sjá að konur eru duglegri við að sækja sí- eða endurmenntunarnámskeið en karlar því tæp 28% kvenna sótti slík námskeið á síðastliðnu ári en rétt 17% karla. Einnig hefur aldur og menntun áhrif á sókn á námskeið og má sjá að fólk á aldrinum 36-55 ára sækir þau í mun meira mæli en fólk í öðrum aldurshópum. Sömu sögu

er að segja um háskólamenntað fólk en rúm 45% þeirra hefur sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári sem er mun hærra hlutfall en hjá fólki með aðra menntun.

Í námskrá Símenntunarsviðs RHA er námskeiðum skipt niður í; (1) Ýmis námskeið, (2) stjórnun, rekstur og fjármál, (3) heilbrigðis- og félagmál, (4) uppeldis- og kennslumál. Starfaflokkum þátttakenda var skipt niður í þess fjóra flokka og kemur þá í ljós að helmingur aðila sem starfar við heilbrigðis- og félagsmál hefur sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári og tæp 44% aðila sem starfa að uppeldis- eða kennslumálum. Sjá nánar mynd 6. og töflu í viðauka með starfaflokkum þátttakenda.




Mynd 7. Þátttaka á sí- og endurmenntunarnámskeiðum greind eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 8. Þátttaka á sí- og endurmenntunarnámskeiðum eftir starfaflokkum.

3.2.1. Hversu oft hefur þú sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið?


Þeir sem svöruðu spurningunni um sí- eða endurmenntunarnámskeið játandi voru spurðir áfram um hversu oft þeir sóttu slík námskeið. Flestir sóttu námskeið einu sinni eða tvisvar eða 77% þeirra sem gáfu upp fjölda námskeiða sem þeir sóttu.



Mynd 9. Fjöldi námskeiða sem viðkomandi sótti.

3.2.2. Hjá hverjum sóttirðu námskeið?

Svarendur voru beðnir um að tilgreina hjá hverjum þeir sóttu námskeið. Gefnir voru upp sex valkostir auk opins svarmöguleika. 1) símenntun HA, 2) Endurmenntunarstofnun HÍ, 3) Verkmenntaskólanum á Akureyri, 4) Tölvufræðslunni, 5) Menntasmiðjunni og 6) núverandi vinnuveitanda eða fyrirtæki. Flestir notfærðu sér opinn svarmöguleika eða 23 aðilar en 22 höfðu sótt námskeið hjá Símenntunarsviði RHA og sami fjöldi sótti námskeið hjá núverandi vinnuveitanda eða fyrirtæki. Fjórtán manns sóttu námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og tíu manns hjá tölvufræðslunni. Þeir aðilar sem svöruðu hjá öðrum sóttu flestir námskeið á vegum stéttarféлага eða ellefu manns og fjórir fóru á námskeið erlendis. Sjá nánar mynd 8 og töflu 1. Samkvæmt framangreindum upplýsingum má álykta að flestir sækja námskeið í heimabyggð sinni.




Mynd 10. Hjá hverjum var sótt námskeið.

Tafla 1. Hjá hverjum öðrum sóttirðu námskeið?

Hjá hverjum:	Fjöldi:
Á vegum stéttarfélags	11
Erlendis	4
Þekkingu	2
Í fjarnámi	2
Rauði kross Íslands	1


3.2.3. Fyrir hvers/hverra tilstilli sóttirðu námskeiðið?

Síðan var spurt fyrir hvers eða hverra tilstilli sótti viðkomandi námskeiðið. Í flestum tilvikum var það að frumkvæði vinnuveitanda sem viðkomandi fór á námskeið eða í rúmum 51% tilvika, 46% fóru að eigin frumkvæði og 3% fyrir bæði eigin tilstilli og vinnuveitanda.



Mynd 11. Fyrir hverra tilstilli sóttirðu námskeið?


Greina má mun á milli karla og kvenna því 65% karla fara á námskeið fyrir tilstilli vinnuveitanda en rúm 44% kvenna. Hlutfall þeirra sem fer fyrir eigin tilstilli á námskeið eykst með aldri og báðir aðilar í yngsta aldurshópi fóru að eigin frumkvæði.



Mynd 12. Fyrir hverri tilstilli sóttirðu námskeið, greint eftir kyni, aldri og menntun.


3.2.4. Hver greiddi námskeiðið?

Þeir sem svöruðu spurningunni um sí- eða endurmenntunarnámskeið játandi voru spurðir áfram um hversu oft þeir sóttu slík námskeið. Í langflestum tilvikum er það vinnuveitandi sem greiðir fyrir námskeið eða í rúmum 67% tilvika og í rúmum 20% tilvika greiðir viðkomandi sjálfur fyrir námskeiðið.



Mynd 13. Hver greiddi námskeiðið?


Hlutfallslega fleiri konur greiða sín námskeið sjálfar en karlar eða í tæpum 26% tilvika á móti 15% karla. Sömu sögu er að segja varðandi þátttakendur í yngsta og elsta aldurshópi en hlutfallslega fleiri í þeim aldurshópum greiða sjálfir námskeiðin en í öðrum aldurshópum.




Mynd 14. Hver greiddi fyrir námskeiðið, greint eftir kyni, aldri og menntun.

3.2.5. Hvers vegna hefur þú ekki sótt sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári?

Þeir þátttakendur sem sóttu ekki sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári voru spurðir hvers vegna ekki. Flestir svara því til að þeir hafi hreinlega ekki tíma til að fara á námskeið eða 105 aðilar og 78 aðilar fundu engin námskeið sem þeir höfðu áhuga á. Mun fleiri konur en karlar telja sig ekki hafa tíma til að sækja námskeið sem og aldurshópurinn 26-45 ára. Menntun hefur einnig áhrif á sókn í sí- eða endurmenntunarnámskeið en eftir því sem menntun eykst telur fólk sig hafa minni tíma til að sækja námskeið. Einnig er minna framboð af áhugaverðum námskeiðum meðal aðila með grunnenntun en þeirra með háskólamenntun. Sjá nánar mynd 11 og 12.



Mynd 15. Ástæður fyrir því að hafa ekki farið á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári.



Mynd 16. Ástæður fyrir því að fara ekki á sí- eða endurmenntunarnámskeið á síðastliðnu ári eftir kyni, aldri og menntun.

4. Viðauki

- veit ekki er útlensk
- ?
- aðeins inn í þessu, námskeið
- almenn afspurn
- auglýs.
- auglýsa mikið endurmenntunarnámskeið
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar
- auglýsingar í vinnunni
- auglýsingar sem ég sá
- átak í fyrri
- buðu mér á námskeið
- bæklingar
- einhver sameining, tæknival og símey
- endurm. námskeið, ráðst. frá þeim
- farið á námskeið
- fengið blað úr hásk. endurm blað.
- félagsmál aldraðra
- fjölmiðlar
- fjölmiðlar
- framhaldsmenntun-endurmenntun
- fréttir
- fréttir
- fréttir og blaðalestur
- fréttum
- fsa
- fylgist með hvað er á döfinni, er með háskólapróf
- fæ upplýsingar í hvert skipti
- gegn um atvinnu
- háskólinn
- háskólinn
- hef farið á námskeið
- hef mikil samsk. við hana
- hjá símey
- hlustað á fyrirlestra
- í blöðum og útvarp
- í gegn um skólan
- í gegn um vinnuna
- í gegn um vinnuna
- í samb. háskólanna
- kennsla
- kennslu
- kynning
- kynning
- kynning

- kynningar
- kynnt mér það
- kynnt sér
- lesið í blöðum
- lesið um það
- man ekki
- man ekki
- man ekki
- málmíðnaði
- menntasmiðjan
- námsk. fyrir fyrirtækið í tölvumálum
- námskeið
- námskeið
- námskeið á vinnustað mínum
- námskeið frá þeim
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- nei
- netið, skóla
- samb. við úa skólann
- sambönd
- sá auglýsingu
- sá í blaði
- séð augl. í dagskránni
- séð auglýst námskeið
- séð í blöðum
- situr í stjórn
- sótt námskeið
- starfið
- tölvumál
- úa
- úr skólanum
- út frá öllum bæklingum sem koma
- var á kynningarfundum
- var fulltrúi fyrirtækis úa
- við vinnu
- vinn hjá HA, fylgist vel með
- vinn með námskeið hjá símenntun
- vinnan
- vinnu
- ýmis námskeið, fyrirlestrar
- það sem verið er að gera á punktinum
- þekki marga sem hafa sótt námsk.
- þekki starfsmann, auglýsingar
- þjónusta frá þeim
- ættingi frúarinnar er með tölvunámsk. hjá þeim